Minning:
Halldór Jóhannsson Syðri-Úlfsstöðum

Fæddur 28. febrúar 1897
Dáinn 1. nóvember 1976.

Kallið er komið, komin er nú stundin
vinaskilnaðar viðkvæm stund.
Vinirnir kveðja vininn sinn látna
er sefur hér sinn síðasta blund.
M.J.

Já, kallið hans Halldórs á Úlfsstöðum er komið.

Ég vil hér á eftir rifja upp fátækleg manningabrot um manninn sem vann með Guði sínum og var sannur kirkjunnar maður.

Það var haustið 1967 að ég kynntist Halldóri heitnum fyrst. Þá var ég nýkominn hér að Krossi, öllum mönnum hér ókunnugur. Það var á messudegi, Halldór kemur inn til mín og heilsar mér innilega og býður mig hjartanlega velkominn. Það er mikils virði að finna að maður sé velkominn.

Slíkt gleymist seint, sé af heilindum mælt. Við spjölluðum nokkra stund saman og í lok samtals okkar segir Halldór:

„Þú verður svo með okkur í kirkjukórnum." Ég játti því að síðar yrði. Gengum við nú í kirkju. Halldór var þá meðhjálpari og var í því starfi til sannrar fyrirmyndar. Þá var Halldór virkur þátttakandi í söngnum, og segir mér svo hugur um að þar hafi hann átt margar unaðsstundir á valdi söngsins.

Vil ég því fyrir hönd okkar kórfélaganna færa honum hjartans þakkir fyrir forystu hans og ógleymanlegar samverustundir, í kirkju og á söngæfingum. Þá veit ég að margur hugsar til samverustunda með Halldóri hér í Krosskirkju með virðingu og þökk í huga.

Það kviknaði svo ylríkur neisti á milli okkar Halldórs við fyrstu kynni. Slíkan neista er gott að eiga.

Nú er kall hans komið. Fari hann í friði Guðs á vald.

Hafi hann hjartans þökk.

Sveinbjörn Benediktsson



EF ÞAÐ ER FRÉTTNÆMT ÞÁ ER ÞAÐ Í MORGUNBLAÐINU

Höfum kaupendur að eftirtöldum verðbréfum:

VERÐTRYGGÐ SPARISKÍRTEINI RÍKISSJÓÐS

		Kaupgengi pr. kr. 100.-
1965	2. flokkur	1654.41
1966	1. flokkur	1500.62
1966	2. flokkur	1409.22
1967	1. flokkur	1324.78
1967	2. flokkur	1316.44
1968	1. flokkur	1153.74
1968	2. flokkur	1085.64
1969	1. flokkur	808.68
1970	1. flokkur	746.66
1970	2. flokkur	551.39
1971	1. flokkur	522.79
1972	1. flokkur	458.48
1972	2. flokkur	397.02

VEÐSKULDABRÉF:

6—8 ára fasteignatryggð veðskuldabréf með 7%—8% vöxtum (sölutilboð óskast).

Höfum seljendur að eftirtöldum verðbréfum:

VERÐTRYGGÐ SPARISKÍRTEINI RIKISSJÓÐS:

		Sölugengi pr. kr. 100.-
1975	1. flokkur	160.00
1976	2. flokkur	100.00
		— dagvextir.
1976	2. flokkur er nýtt útboð.	

HAPPDRÆTTISSKULDABRÉF RIKISSJÓÐS:

		Sölugengi pr. kr. 100.-
1974	D	24414 (6.4% afföll)

VEÐSKULDABRÉF:

3ja ára fasteignatryggð veðskuldabréf með 17%—19% vöxtum (35% afföll)
6 ára fasteignatryggð veðskuldabréf með 10% vöxtum (kauptilboð óskast).

FJÁRFESTINGARFÉLAG ÍSLANDS HF.
Verðbréfamarkaður
Lækjargötu 12, R (Iðnaðarbankahúsinu)
Sími 20580
Opið frá kl. 13.00 til 16.00 alla virka daga.

— 889

Framhald af bls. 1.

Stuðningsnefnd ofsóttra verkamanna hefur neitað því að 75 menn, sem hafa verið fangelsaðir, hafi gert sig seka um glæpsamlegt athæfi. Nefndin segir að þeir hafi flestir verið ákærðir fyrir að taka þátt í mótmælaaðgerðum, valda umferðartöfum og kveikja í skrifstofu kommúnistaflokksins.

„Langflestir hinna handteknu hafa sætt pyntingum," segir nefndin í yfirlýsingu.

— Unesco

Framhald af bls. 1.

álitu að ef frjálsar umræður um ályktunina hefðu fengið að dragast á langinn hefði afstaða manna aðeins harðnað og gert málmiðlun erfiða.

Það voru Brasilíumenn, sem áttu uppástunguna um að senda ályktunina til 25 manna samninganefndar, sem ætlað er að fjalla um viðkvæm mál á bak við tjöldin. En ekki er búizt við að nefndin geti mjókkað bilið á milli kommúnistaríkjanna og fylgiríkja þeirra, þar á meðal Arabalanda, annars vegar og Vesturlanda hins vegar.

Í ályktuninni segir að „ríkasvaldið sé ábyrgt fyrir umfjöllunum allra fjölmiðla innan sinnar lögsögu um utanríkismál" Í reynd táknar þetta að ríkisstjórnir eigi að stjórna skrifum blaða og annarra fjölmiðla.

— Síld flutt út

Framhald af bls. 2

á þann hátt að hún hentaði íslenzku söltunarstöðvunum, t.d. þegar verkefni væru ekki nægileg fyrir starfsfólk stöðvanna.

Kvaðst Gunnar vilja taka það skýrt fram, að þessi fyrirhugaði útflutningur SÚN væri ekkert skyldur venjulegum smáum neytendaumbúðum svo sem gaffalbitum eða svipuðum niðurlögðum vörum, sem seldar væru beint til neytenda.

Meira sagðist Gunnar ekki hafa að segja um mál þetta. Skýrsla yrði send til saltenda þegar meiri reynsla væri fengin.

Upplýsingabréf síldarútvegsnefndar fer hér á eftir:

„Svo sem kunnugt er, er söltuð síld að verulegu leyti flutt út sem fullunnin neyzluvara. T.d. fer öll sú síld, sem seld er til Austur-Evrópu, beint í verzlanir í því ástandi, sem hún er afgreidd héðan. Sama er að segja um hluta af síldinni, sem seld er til Svíþjóðar, Finnlands, o.fl. markaðslanda. Kryddsíldin er aftur á móti að mestu leyti tekin til frekari vinnslu, svo sem framleiðslu á gaffalbitum og öðrum svipuðum vörum í venjulegum smáum neytendaumbúðum. Í Svíþjóð er hin venjulega saltsíld, og í Finnlandi sykursíldin, ýmist send í verzlanir í hinum upprunalegu umbúðum (þ.e. síldartunnum) eða pökkuð í mismunandi stórar dreifingarumbúðirnar. Algengasta stærð dreifingarumbúða, annarra en venjulegra tunna, er í Svíþjóð 15 kg. og Finnlandi 10 kg. Sé síldin flökuð, reyna síldarkaupendur, eftir því sem mögulegt er, að flaka hana jafnóðum og pantanir berast frá verzlunum eða öðrum þeim aðilum, sem kaupa síldina í svo stórum umbúðum, þar sem gæði flakanna rýrna, ef of langur tími líður frá því síldin er flökuð og þar til flökin komast í hendur neytenda.

Síldarútvegsnefnd hefir að sjálfsögðu fylgzt með þróuninni í þessum málum og hóf m.a. tilraunaframleiðslu á pökkun hausskorinnar og slógdreginnar síldar og einnig síldarflaka í 10 kg. dreifingarumbúðir, áður en síldveiðibannið sunnanlands hófst. Tilraunasending af mismunandi tegundum, sem send var í þessum umbúðum til Finnlands veturinn 1972, kom á finnska markaðinn í góðu ásigkomulagi þrátt fyrir ýmsar hrakspár.

Eftar að síldveiðibanninu með hringnót lauk var haldið áfram þar sem frá var horfið og er nú í undirbúninga að senda aukið magn í tilraunaskyni til Finnlands, Bandaríkjanna, o.fl. landa og hafa þegar verið gerðar ýmsar undirbúningsráðstafanir í þessu skyni. Gert er ráð fyrir að fyrstu sendingarnar verði settar á markaðinn í 3—10 kg. dreifingarumbúðum. Samningaumleitanir standa nú yfir milli Síldarútvegsnefndar og finnskra síldarinnflytjenda um sölu á verulegu magni af sykursaltaðri síld í 10 kg. umbúðum og er ekki ólíklegt að samningar takist um sölu á sykursaltaðri síld í slíkum umbúðum fyrir allt að 50 milljónir íslenzkra króna til afgreiðslu á fyrrihluta komandi árs.

Áframhald á tilraunapökkun þessari verður fyrst um sinn á vegum Síldarútvegsnefndar, en ef markaður eykst fyrir saltaða síld í þessum umbúðum á viðunandi verði, er ráðgert að pökkunin verði framkvæmd á þeim síldarsöltunarstöðvum, sem góða aðstöðu hafa til slíkrar vinnslu.

Annars hefir það komið á óvart, að samkvæmt nýlegri könnun Síldarútvegsnefndar virðist sem kaupendur íslenzkrar saltsíldar í Svíþjóð sendi nú síldina aftur í auknum mæli á upprunalegu tunnunum í verzlanirnar, en svo sem kunnugt er finnst mörgum saltsíldin bezt til matreiðslu beint upp úr tunnunum.

Fylgzt verður áfram náið með þróuninni í þessum málum og mun SÚN síðar í vetur senda síldarsaltendum sérstaka skýrslu þar að lútandi."

— Alviðra

Framhald af bls. 2

núverandi ábúanda Alviðru, Helga Þórarinssyni, verið sagt upp ábúð á jörðinni frá og með 1. júní á næsta ári og hefur lögmaður hans, Hilmar Ingimundarson mótmælt uppsögninni á þeim forsendum, að eigendur jarðarinnar hefðu ekki við upphaf búsetu núverandi ábúanda gefið út byggingarbréf eins og skylt er samkvæmt ábúðarlögum og þrátt fyrir ítrekaðar óskir ábúanda þar um. Sagði Hilmar, að samkvæmt lögum væri litið svo á, að í þeim tilvikum, þegar ekki væri gefið út byggingarbréf fyrir jarðirnar, væri um að ræða lífstíðarábúð ábúanda.

Hilmar tók fram, að þessum mótmælum hefði ekki verið svarað en hins vegar hefðu eigendur jarðarinnar látið taka hana út og þá um leið hefðu fulltrúar eigenda, Páll Hallgrímson, sýslumaður, og Haukur Hafstað, látið fjarlægja allar vélar af búinu. Sagði Hilmar að þarna væri að sínum dómi gróflega brotið á ábúanda því í fyrsta lagi hefði ábúandi umráð á jörðinni til búskapar til 1. júní n.k. og af vélunum hefði hann haft óskert afnot frá því er hann tók við jörðinni um mánaðamótin ágúst- september 1974. Þá væri þarna um að ræða brot á ákvæðum um friðhelgi heimilisins. — Við þetta bætist líka, að það striðir á móti lögum, að sýslumaður geti í þessu tilviki bæði komið fram fyrir hönd embættis síns og sem einn fulltrúa eigenda á jörðinni og því verður mótmælt, sagði Hilmar að lokum.

Helgi Þórarinsson, ábúandi á Alviðru, fluttist fyrir um þremur vikum úr íbúðarhúsinu á Alviðru, því héraðslæknir umdæmisins hafði þá lýst það óíbúðarhæft. Segir í vottorði hans, að húsið sé hrörlegt og erfitt sé sennilega að halda húsinu hlýju. Þá sjáist greinileg merki um leka og frárennsli frá húsinu sé í algjörlega óviðunandi ástandi, þar sem rörin opnast í grunni hússins og meindýr s.s. kakkalakkar og húðkrabbar væru í húsinu. Helgi sagði í samtali við blaðið að tildrög þess að hann kom að Alviðru hefðu verið óskir Hauks Hafstaðs þar um en fulltrúar eigenda jarðarinnar hefðu síðar gert fjölmargt til að flæma hann af jörðinni.

Óskað eftir fógetaúrskurði um umráð yfir eigninni

Hákon Guðmundsson vildi það eitt segja um dvöl Helga á jörðinni, að hann hefði flutzt burt af staðnum fyrir skömmu og yrði viðskilnaði hans lýst í úttekt, sem úttektarmenn Ölfushrepps hefðu gert á jörðinni og skýrslu lögreglunnar á Selfossi, sem litið hefði eftir staðnum frá því að Helgi yfirgaf hann. Sagði Hákon, að Helgi hefði neitað að afhenda eigendum Alviðru formleg umráð eignarinnar og hefði því verið hafizt handa um það af hálfu eigenda að þeim yrðu með fógetaúrskurði fengin öll umráð yfir eigninni.

— Þeir sýna . . .

Framhald af bls. 3

hef ég lúmskt gaman af þessu svona hráu, en það er ekki hægt að ætlazt til þess að aðrir hafi það á meðan fólk hefur ekki kynnst því.

FLEIRI EINDIR INN Í MYNDIRNAR

Ég vinn fremur ákveðinn vinnutíma og hver mynd byggist á því að ég þreifa fyrir mér ef svo má segja, finn út ákveðið myndeðli og vinn að því. Í gömlu myndunum sinni ég oft fáum hreyfingum, en tengi síðan þessar hreyfingar saman með einu merki, t.d. SS merkinu til mótvægis. Fleiri ólíkar eindir eru komnar í spilið í nýrri myndunum, en það að vinna með hart form á móti mjúku eru leifar af því sem hann Hörður var að kenna okkur og ég gekkst svolítið upp í.

GLÆPAMAÐUR EÐA HERRA GLÆPAMAÐUR

Ein mynd hérna heitir Geirfinnur fundinn, Geirfinnur ófundinn. Þessi mynd er í sjálfu sér ekki tengd við nokkurn ákveðinn mann. Hins vegar leiðir hún mann að þeirri staðreynd sem er í íslenzku þjóðfélagi í dag að það er jafnvel ekki hægt að upplýsa glæpamál sem liggja á borðinu vegna þess að um er að ræða „herra glæpamann" á sama tíma og „glæpamaður" af smávægilegri gerð er flattur út og opinberaður. Geirfinnsmyndin er aðeins kveikja til að sýna ástandið sem við verðum að gera upp við okkur hvort við viljum búa við eða ekki, Jörgensensmálið og alls konar mál sem eru svo lengi í kerfinu að þegar loks kemur að skuldadögunum getur sá seki greitt skuld sína eftir verðbólguhjálp og fleira , með ávísun upp á lítið brot af hinum raunverulega glæp miðað við stað og stund þegar glæpurinn er framinn. Stórglæpurinn fær raunverulega að hverfa í hítina.

AÐ NÝTA LYKTARLAUSA RUSLIÐ TIL FEGURÐAR

Annars er það nú svo að marga rekur í rogastanz yfir slíkri myndgerð sem ég ber á borð, en fordómamagnið held ég að skipi þar veglegan sess. Húsmóðir ein skrifaði að hún henti ruslinu sínu í öskutunnuna, en samt vil ég nú benda þeirri kæru á að oft er hægt að nýta allskonar rusl betur en gert er ef maður gerizt samningslipur og játar að ekki megi vera vond lykt af því og ég hef marg-sannreynt að þegar fólk fer að kynnast þessari myndgerð án fordóma og með eðlilegum húmor, þá finnst þeim þessar myndir reglulega fallegar og fá eitthvað út úr þeim sem reynizt ekkert drasl þegar til lengdar lætur. Síðan bið ég heilsa íslenzku þjóðinni og anum og vonast til að sjá f fyrst á Kjarvalsstöðum."


BÍLASÝNINGARSALIR Í HJARTA BORGARINNAR — ALLIR BÍLAR Í HÚSI TRYGGÐIR







Bílaskipti
Bílar fyrir skuldabréf



Opið alla daga 8.30—7 nema sunnudaga — Vanir sölumenn — Opið í hádeginu

Sími 25252 4 línur

NÆG BÍLASTÆÐI BÍLAMARKAÐURINN Grettisgötu 12-18